

Alþingi
Erindi nr. P 133/1549
komudagur 12.3.2007



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2007
Tilvísun: UST20070200179/kg

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 21. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við almenn ákvæði laganna, en telur rétt að benda á eftirfarandi varðandi bráðabirgðaákvæðin:

- Mikilvægt er að reyna sætta sjónarmið nýtingar og verndunar. Eigi slíkt að takast þarf að hafa yfirsýn yfir náttúruverðmæti og bera saman með skipulegum hætti hverju til er fórnað og hvaða ávinningur hlýst af tiltekinni framkvæmd.
- Fram til þessa hefur verið mun auðveldara að fá fjármagn til að rannsókna á þeim svæðum sem hugsanlega er unnt að nýta en til almennra rannsókna. Þekking er því oft á tíðum afmörkuð við ákveðna staði en heildaryfirsýn á náttúrufari er verulega brotakennd. Afleiðingin er sú að grunnögn skortir til þess að velja þá staði sem kunna að hafa eitthvert verndargildi.
- Rammaáætlun eins og hún stendur nú er mikið framfaraskref sem mikilvægt er að vinna áfram. Á hinn bóginn liggur fyrir að illgerlegt er að meta hvort náttúrufar á nokkrum þeim kostum sem flokkast í umhverfisflokk a í fyrsta áfanga rammaáætlunar er einstakt þar sem upplýsingar skortir um aðra sambærilega staði á landinu sem hafa ekki komið til álita varðandi nýtingu. Það stingur í augun að af þeim 19 kostum sem þar eru nefndir eru 15 háhitasvæði og því hlýtur sú spurning að vakna hvort kerfislæg mismunun kunni að vera í samanburði á verndargildi milli vatnsafls- og háhitavirkjana. Kerfisbundið mat á innbyrðis verndargildi háhitasvæða hefur heldur ekki farið fram, enda skortir víða þar á gæði gagna að mati verkefnisstjórnar.
- Líta má sem á Náttúruverndaráætlun sem tvískipta, annars vegar þau 14 svæði sem Alþingi samþykkti að yrðu friðuð og hins vegar hin 65 svæðin sem stofnunin gerði að tillögu sinni að unnið skyldi að friðlýsingu á. Ennfremur inniheldur náttúruminjasrá fjölmörg svæði sem viðmiðum náttúruverndaráætlunar hefur ekki verið beitt á.

- Nauðsynleg grunngögn skortir til þess að kerfisbundinn samburður sé markviss og mikilvægt að veita fjármuni til þess. Í viðauka með bréfinu er bent á hvað skortir til að unnt sé að gera samburðinn með viðunandi hætti.


Í ljósi ofanritaðs telur stofnunin varhugavert að gefa opna heimild til rannsóknar og nýtingar á þeim kostum sem taldir eru upp í fyrsta áfanga rammaáætlunar sem umhverfisflokkur a. Þá hefur hún vernlegar efasemdir að það gagnist ferlinu að skilja að nýtingar og verndarvinnu með pólitískt skipuðum nefndum eins og gert er í frumvarpinu. Umhverfisstofnun leggur í þess stað til á næstu þremur árum verði fjármagni veitt til að:


- afla nauðsynlegra grunngagna samræmi við það sem bent er á í viðauka með umsögninni,
- gengið verði að fullum krafti í að beita þeim viðmiðum sem notuð vorn í tillögum Umhverfisstofnunar til ráðherra árið 2003 á þau svæði sem eru í Náttúruminjakrá og setja þau svæði sem uppfylla slík viðmið inn á Náttúruverndaráætlun,
- öðrum viðföngum verði beitt samhliða við val á frekari svæðum inn í Náttúruverndaráætlun með sérstakri áherslu á háhitasvæðin.

Með þessi gögn í höndunum telur stofnunin fullar forsendur að vinna sameinaða nýtingar og verndaáætlun þar sem hvor þátturinn er jafn réttþár og ákvarðanir teknar með gagnsæjum hætti.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem varð á afgreiðslu erindisins

Virðingarfyllt


Davíð Egilson
forstjóri


Árni Bragason
forstöðumaður

Viðauki 1: Áætlun varðandi nýtingu lands til framtíðar -- Náttúruverndaráætlun

Afrit: Umhverfissráðuneytið

Áætlun varðandi nýtingu lands til framtíðar Náttúruverndaráætlun

Neðangreind tafla sýnir hvaða upplýsingar vantar til að verndaráætlun geti staðið jafnfætis nýtingaráætlun í samantvinnuáðri vinnu.

Það er gefið að örnefnaþekjur, samgönguþekjur og annað slíkt sé til staðar

nr	Efnistatriði	Skali sem upplýsingarnar eru birtar í	Staða	Athugasemdir
----	--------------	---------------------------------------	-------	--------------

1. Grunnur, kort og myndir

1.1	Stafrænn loftmyndagrunnur (lagsskipt landupplýsingakerfi) opinn fyrir alla, endurtekin myndataka: þéttbýi á 3ja ára fresti, láglendi á 5 ára fresti og hálendið á 10 ára fresti (a.m.k.)		Margar stofnanir hafa aðgang að grunninum en hann er takmarkaður og leyfi til dreifingar takmörkuð	Nauðsynlegt er að grunnurinn verði opnaður öllum almenningi
	Gervitunglagrunnur, SPOT fjölrásagögn í 2,5 m upplausn opinn fyrir alla		Nokkrar stofnanir og sveitarfélög hafa aðgang en hann er takmarkaður	Mikilvæg gögn til að flokka landslag og fylgjast með breytingum, innrauða bandið mjög gagnlegt í kortagerð af gróðri
1.2	Hæðarlíkan og hæðalínugrunnur fyrir allt landið opinn fyrir alla	20 m og 5. m hæðarlínubíl. Einnig nákvæmari gögn á ákveðnum svæðum	Til fyrir einstök svæði en ekki fyrir landið allt, sumstaðar eru gögn mjög gömul	Nauðsynlegt er að grunnurinn klárast og verði opnaður öllum almenningi
	Koma þarf upp traustri hnitsettri skrá allra eignarmakra og mannvirkja á Ísland. Hér standa íslendingar lagt að baka allra nágrannaþjóða í hinum vestræna heimi.	Skrá öll lönd og lóðir og einnig staðsetningu, notkun og eignarhald mannvirkja	Víða ónákvæmar upplýsingar um eignamörk og einnig ómarkviss skráning mannvirkja s.s. þeirra sem eru í eigu ríkisins.	Hér liggur fyrir frumvarp hjá dómsmálaráðgjafa en óljóst hvað á að gera með það.
1.3	Kort af öllum slóðum sem leyfilegt er að fara um	Mælikv. 1:50.000	Hlutar til hnitaðir, en eftir að ljúka GPS mælingum og að ákveða hvað á að vera opið og hvað lokað í samvinnu við sveitarfélög	Mjög mikilvægt að ljúka þessu vegna rannsókna og vegagerðar í tengslum við dreifiveitur og mannvirki Einnig mikilvægt til að stýra umferð um viðkvæm svæði.

2. Jarðmyndanir

2.1	Kortleggja berggrunn og jarðgrunn fyrir landið allt	1:250.000	Berggrunnskort: Miðnorðurland og miðausturland er eftir Jarðgrunnskort: Til af nokkrum svæðum	Lýkur væntanlega á tveim næstu árum Mikil vinna er eftir við kortlagningu jarðgrunns
2.2	Kortleggja jarðmyndanir, flokka þær og meta þar sem framkvæmdir eru, eða fyrirhugaðar. Draga fram helstu jarðmyndanir	1:50.000	Til fyrir flest þau svæði sem hugmyndir eru að nýta en mjög arfmarkaðir við vinnslusvæði	Nauðsynlegt er að útvíkka þennan grunn
2.3	Kortlagning einstakra jarðminja byggt á samanburðar flokkunarfræði dæmi (háhitavæði, móbergsstapar, etc)	1:5.000 – 1:10.000 eftir aðstæðum	Eitthvað er tí. Aðferðarfræðin var þróuð í tengslum við náttúruverndaráætlun en vinna hefur legið niðri síðan þá.1	Miðað er við innri samanburð og röðun myndana og svæða í mikilvægisröð Mikilvæg atriði dregin fram.

3. Gróðurfar

3.1	Skráning helstu tegunda og kortlagning á útbreiðslu þeirra		Háplöntur og mosar eru vel þekktir og útbreiðsla þeirra. Fléttur eru vel þekktar en þekkingu skortir varðandi útbreiðslu þeirra. Sama er að segja um sveppi og þörungur	
3.2	Kortlagning gróðurs: Gróðurkort, gróðurlendakort. Kortlagning vistgerða	1:50.000 1:50.000	Gróðurkort eru til af um 75% landsins (1:50.000) eða stærra og gróðurlensdiskort af landinu öllu í 1:500 000. Vistgerðkortlagningu miðhálandisins er lokið (1:50.000) en láglendið og annað hálendi er eftir	
3.3	Samanburður og mikilvægisröð			Miðað er við innri samanburð og röðun tegunda og vistgerða í mikilvægisröð Mikilvæg atriði dregin fram.

4. Kortlagning vatnafars

4.1	Vatnafarsgrunnur	1:20.000	Gerð hans að mestu lokið en aðgangur takmarkaður við einstakar stofnanir	Nauðsynlegt er að grunnurinn verði opnaður öllum almenningi í samræmi við vatnatilskipun Evrópusambandsins
4.2	Flokkun vatnasvæða		Flokkunarfræðin langt komin	Vantar mikið af grunn gögnum
4.3	Flokkun vatnsfallstegunda		Aðferðafræðin liggur fyrir en þörf er á að ganga til verks	

5. Kortlagning landslags

5.1	Heildarviðmið		Flokkunarfræðin og aðferðafræðin komin eru í vinnslu	
5.2	Sérstök viðmið		Flokkunarfræðin eru í vinnslu	

Gengið er út frá því að þessar upplýsingar verði settar inn í Corine landflokkunarkerfið sem er grunnflokkunarkerfi í Evrópu um landnýtingu.

Auk þess verði INSPIRE hugmyndafræðin notuð þannig að þær upplýsingar sem verður aflað verði opnar og á samræmdu formi og nýtist almenningi og stjórnvöldum við frekari vinnu.

Inspire er tilskipun um skipulag við öflun og miðlun landfræðilegra upplýsinga og var tilskipunin samþykkt í Evrópuþinginu í byrjun febrúar 2007.


UST

Nýting falvatna og jarðhita í sátt við umhverfið
Ráðstefna VFI og TFI fimmtudaginn 1. mars 2007

Náttúruverndaráætlun

Árni Bragason
Davíð Egilson

Umhverfisstofnun



UST


- Landnýting og breytingar á búsetu
- Náttúruverndaráætlun
- Starfið framundan
- Samantekt

UST

Landnýting

- Þéttbýll
- Landbúnaður
- Ræktun
- Orkuvinnsla
- Samgöngur
- Ferðaþjónusta
- Útivist
- Náttúruvernd

Afstaða til landnotkunar
ræðst af hefð, tekjumöguleikum
og gildismati og er háð tíma og
efnahagsástandi




UST




Mannfjöldi


Breyttir atvinnuhættir og
búseta kalla á mismunandi
landnýtingu og viðhorf

Gifurleg fólksfjölgun og
tæknibylting á 20 öld

Þéttbýllismyndun







UST

Hvers vegna að vernda?

- Nýtingar
- Fegurðar
- Samkenndar
- Rannsóknar
- Hugsanlegra verðmæta
- Fyrir komandi kynsióðir

Hve mikið vega slík sjónarmið?

UST

Hvar liggur jafnvægislínan?

Allt var þetta mikilvægt á sinni tíð og framkvæmt með framfarir að leiðarljósi - hvernig var þörfin metin, á grundvelli hvaða upplýsinga og hverju var fórnað?

Rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma

- Af 20 ákjósanlegustu virkjanakostum í rammaáætlun eru 5 sem nýta vatnsorku. Þeir eru í 3., 4., 18., 19. og 20. sæti – hinir 15 eru nýting á háhita
- Háhitinn er fágætur á heimsvísu
- Grunnspurning:
 - er verið að bera saman sambærilega hluti?

Nýting jarðhitans


- Rannsóknaborun
 - krefst vegagerðar og eins ha borplans.
 - Ummerkin eru varanleg
- 100 MW jarðvarmavirkjun
 - krefst 3 km² svæðis
 - áhrifasvæði virkjunar er um 10 km²

Hvar á að virkja?

- Vatnsafl:
 - Umhverfisstofnun og forverar hennar hafa lagst gegn Kárahnjúkavirjun, Villinganesvirkjun og Norðlingaölduveitu vegna verulegra umhverfisáhrifa
- Jarðhiti:
 - Umhverfisstofnun og forverar hafa lagst gegn rannsóknaleyfum í Grændal og Brennisteinsfjöllum og lagst gegn holum utan iðnaðarsvæðis á Reykjanesi

Náttúruminjaskrá

- Náttúruminjaskrá er skrá yfir þá staði sem ástæða getur verið til að friðlýsa
- Val í skrána byggði lengst af á huglægu mati, en í tímans rás hafa flestar af merkustu náttúruminum landsins ratað inn í skrána
- Skráin geldur hins vegar fyrir að byggja á huglægum viðmiðum



UST

Hugmyndafræði náttúruverndaráætlunar

- Byggir á alþjóðasamningum um náttúruvernd
 - Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni
 - Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu
- Net verndarsvæða sem tryggir vernd jarð- og líffræðilegrar fjölbreytni

UST

Aðferðafræðin

Mat lagt á hvaða lífverur, jarðminjar, vistkerfi, vistgerðir og búsvæði þarfnast verndar

Vállistar
Sjaldgæft
Sérstætt
Ábyrgð Íslands
Mikilvægi á landsvísi
Alþjóðlegir samningar

Hvaða landsvæði eru mikilvægust til verndunar á þeim náttúruminum sem eru til umfjöllunar?

UST

Viðföng



- Jarðfræðileg fjölbreytni
- Vatnafar
- Líffræðileg fjölbreytni
- Landslag
- Víðerni
- Menningar- og söguminjar

UST

Viðmið náttúruverndaráætlunar

Að svæðið:

- hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu
- sé óvenjulega tegundaríkt eða viðkvæmt fyrir röskun
- sé nauðsynlegt til viðhalds stakra stofna mikilvægra tegunda
- sé mikilvægt fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla
- hafi verulegt vísinda-, félags-, afnahags- eða menningargildi
- hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi
- sé einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta
- hafi sjónrænt gildi



UST Vinnuáætlun

STIG I FORKÖNNUN

- Eignarhald kannað.
- Kynningarfundir
- Landeigendum og sveitarstjórnnum kynntar hugmyndirnar bréflæga

STIG II GRUNNGAGNAÖFLUN

- Haft er samband við alla landeigendur og afstaða þeirra könnuð förmlega
- Afmörkun svæða, gagnaðflun og kortlagning
- Samráðsfundir og förmlegar tillögur lagðar fram við landeigendur. Gengið eftir afstöðu landeigenda og sveitarfélaga.
- Drög að auglýsingum samdar

Stig III Samningar og frágangur

- Gengið er til samninga og endanlegar reglur ákveðnar

UST Núverandi fyrirkomulag

- óljós tengsl á milli náttúruminjaskrár og náttúruverndaráætlunar
- óskýr ábyrgðarskipting milli Umhverfisstofnunar og ráðuneytis við fræmvæmd náttúruverndaráætlunar

UST

Mat á stöðu núverandi náttúruverndaráætlunar

- Vinna við samráð og að ná samstöðu er óhemju tímafrek.
- Það kann að vera lausn að þröngja afmörkun á svæðum en nota svæðisvernd eða aðra veikari vernd til að brúa á milli kjarnasvæða
- Þjóðlendumálið er truflandi í ferlinu

UST

Tillaga að breyttu verklagi

- Fella náttúrumínjaskrána inn í ferli náttúruverndaráætlunar
- Gera ábyrgðarskiptingu skýrari milli ráðuneytis og Umhverfisstofnunar

UST

Breyting á lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu

Við gildistöku laga þessara skal löndarráðherra skipa starfshóp fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í starfshópnum skulu jafnframt eiga sæti tveir fulltrúar löndarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, einn fulltrúi Samorku og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi löndarráðuneytis verði formaður starfshópsins.

Starfshópurinn skal eigi síðar en 1. janúar 2010 skila tillögum sínum til forsætisráðherra um mótaða nýtingaráætlun til framtíðar

Merkmið starfshópsins er að gera tillögur um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsaflí verður heimil.

UST

Breyting á lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu

Við gildistöku laga þessara skal umhverfisráðherra skipa starfshóp fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í starfshópnum skulu jafnframt eiga sæti tveir fulltrúar umhverfisráðuneytis, tveir fulltrúar löndarráðuneytis, einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn fulltrúi umhverfisverndarsamtaka og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi umhverfisráðuneytis verði formaður starfshópsins.

Starfshópurinn skal eigi síðar en 1. janúar 2010 skila til forsætisráðherra tillögum sínum um mótaða verndaráætlun til framtíðar

Merkmið starfshópsins er að gera tillögur um á hvaða svæðum Íslands nýting á auðlindum í jörðu og vatnsaflí verður ekki heimil.

Verk framundan

Hugmyndir um nýtingu auðlinda, tillögur auðlindanefndar og frumvarp lánáðar- og umhverfisráðherra gera það að verkum að vinna þarf hratt og afa nauðsynlegra gagna

- Fyrsta verk ætli að vera að uppfæra Náttúruminjaskrá og beita sömu viðmiðum og í náttúruverndaráætlun (augljóslega kæmu inn svæði eins og Arnarvatnsheiði, Skagi, heiðar Pistilfjarðar, Kerlingarfjöll og Langisjór)
-
- Ný náttúruverndaráætlun þarf að byggja á þessari vinnu auk þeirra 63 svæða sem eldri tillögur UST náðu til en eru enn á biðlista

Enþað þarf !!!!!

Grunnupplýsingar

- Alltaf hefur verið auðveldara að fá fjármagn til rannsókna ef þær tengjast nýtingu eða fyrirhugaðri nýtingu en til grunn og yfirlitsrannsókna. Þess vegna er þekking okkar oft mjög brotakens.
- **Gögn vantar sárlega:**
 - Nákvæm starfræn grunnkort
 - Hæðargrunn
 - Stafrænar þekjur með vistgerðum, berggrunni, jarðgrunni, vatnafari o.fl.
 - Úttekt á vistgerðum vatna
 - Langtímavöktun á vistgerðum, efnainnihaldi vatna o.fl
- *Tafla yfir þörfina er í fundargögnum*

Spurningar

- Hver á að afla gagnanna?
 - Sá sem heldur gögnunum stýrir umræðunni!
- Er rétt að greina á milli nýtingar- og verndaráætlana eins og í frumvarpinu?
 - Afla viðeigandi grunnagna t.d. með útboði
 - Nota viðmið náttúruverndaráætlunar á gögnin

Samandregnar niðurstöður

- Uppfæra náttúruminjaskrá með sömu viðmiðum og viðföngum og eru í náttúruverndaráætlun
- Breyta lögum þannig að skýr verkskil séu á milli Umhverfisstofnunar og ráðuneytis í friðlýsingaferlinu.
- Ný náttúruverndaráætlun á að byggja á þeim 63 svæðum sem "urðu eftir" við fyrri áætlun og augljóssum viðbótum
- Afla grunnagna sem verða opin fyrir alla

Lokaorð

- Grunn gögn eru nauðsyn og án þeirra verður árangur ekki í samræmi við væntingar
- Liggi gögn fyrir ætti að vinna nýtingar og verndunaráætlanirnar samhliða. Þetta eru mismunandi sjónarhorn á sama viðfangsefni
- Til þess að svo megi verða verður að ríkja trúnaður og jafnræði milli aðila

